

**129** að Hvanneyri sira Bjarni Þorsteinsson taki upp á tekjur prestakallsins 1800 kr. 6. desbr. viðbótarlán til þess að stækka og endurbæta íbúðarhúsið á prestssetrinu á þann hátt, er gert er ráð fyrir í erindi hans, sem fylgdi brjefi yðar, þó þannig, að at-  
hugasemdir húsameistara Rögnvalds Ólafssonar verði teknar til greina. Sam-  
þykki þetta er þeim skilyrðum bundið, auk hinna venjulegu skilyrða um vá-  
tryggingu og vandaðan frágang, að húsið verði eign prestakallsins og að því  
verði á sínum tíma skilað í gildu standi eða með fullu álagi, ennfremur að lánið,  
sem eigi fæst úr landssjóði, verði fengið með sem vægustum vaxtakjörum, að það  
verði endurborgað á næstu 18 árum með 100 kr. á ári auk vaxta, og að helm-  
ingur lánsins verði eigi tekinn fyrir en sannað er með áreiðanlegri skoðunargjörð,  
undir umsjón prófests, að húsið sje fullgert og vandlega frá smíðunum gengið.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til  
frekari birtingar og ráðstöfunar.

**130**  
20. oktbr.

## Reglugjörð

um

**hversu haga skuli eldstæðum og reykþípum í húsum, váttryggðum  
í brunabótasjóðum sveitarfjelaga, svo og um annað það,  
sem nauðsynlegt er til varnar eldsvoða.**

Samkvæmt lögum 20. okt. 1905 um váttrygging sveitabæja og annara  
húsa í sveitum, utan kaupþína, eru hjermeð settar eptirfarandi reglur um, hversu  
haga skuli eldstæðum og reykþípum í húsum, váttryggðum í brunabótasjóðum  
sveitarfjelaga, svo og um annað það, sem nauðsynlegt er til varnar gegn eldsvoða.

1. gr.

Þar sem ofn eða eldavjel stendur á trjególfi, skulu þau standa á undir-  
stöðu, er sje 8 þuml. á hæð og annaðhvort úr kalkbundnum steini eða jární; sje  
neðst í ofninum rist og því öskuskúffa í undirstöðunni og hún hol innan, skal  
vera undir skúffunni járnþynna, er fylli úti holið, 2 þuml. frá gólfi að minnsta  
kosti; þekja skal gólfíð framundan ofninum eða eldavjelinni með einhverju efni,  
sem ekki er eldnæmt, t. d. með járnþynnu; skal járnþynnan, eða það sem í  
hennar stað er notað, ná að minnsta kosti 12 þumlunga fram á gólfíð fyrir  
framan ofninn eða eldavjelina, og að minnsta kosti 8 þuml. út fyrir ofninn  
eða eldavjelina til hliðanna og að aptanverðu.

Ofnar og eldavjelar mega ekki standa nær timburveggjum eða timbur-  
stöðum en svo að 8 þumlungar sjeu milli viðarins og ofnsins.

Opin eldstæði (hlóð) má ekki hafa í þeim herbergjum sem trje er í eða  
þar sem trjebitar eru í gólfi. Hlóð skulu jafnan svo hlaðin, að hvergi sje skemmra  
en 24 þuml. frá eldstæðinu eða öskustónni að stöðum eða öðrum viðum.

## 2. gr.

130  
20. oktbr.

Reykháfar skulu vera hlaðnir úr tígulsteini eða grjóti, lögðu í steinlím, eða gjörðir úr steinsteypu, og skulu hliðar reykháfa ekki vera þynnri en  $4\frac{1}{2}$  þuml. Þar sem reykháfur gengur gegnum bitana og borð, sem lögð eru undir bita, eða gegnum þekju, skal vera að minnsta kosti  $8\frac{1}{2}$  þuml. bil milli þeirra hliða hans, sem snúa inn, og viðanna eða torfsins; ekki má heldur þilja reykháfinn eða klæða hann borðum. Reykháfar skulu jafnan vera hlaðnir frá grunni, en mega ekki standa á bitum eða trjególfum.

Reykháfar skulu ekki þrengri en 8 þuml. á hvern veg að innanmáli, og ná að minnsta kosti 1 alin upp fyrir mæni, ef þeir koma upp úr mæni húss, en að minnsta kosti  $1\frac{1}{2}$  alin upp úr þekjunni, ef þeir ganga upp úr þekjunni utan mænis.

## 3. gr.

Reykpípur úr jární eða leir, sem notaðar eru í stað reykháfs, skulu hvergi koma nær viðum eða torfi en svo, að  $8\frac{1}{2}$  þuml. sjeu frá pípunni að viðnum eða torfinu. Þar sem pípurarnar ganga gegnum lopt eða þekju, má fylla bilið milli þeirra og viðanna eða torfsins með steinsteypu eða ösku og grjóti eða deigulmó, og má hafa járnþynnur til styrktar undir og ofaná, eða búa um á annan hátt svo jafntryggt sje, að eigi geti kviknað í loptinu eða þekjunni frá pípunni. Reykpípur úr jární eða leir skuli ná að minnsta kosti jafnhátt upp úr þekju og mælt er fyrir um reykháfa.

## 4. gr.

Þegar um váttryggingarskyld hús er að ræða, er byggð eru áður en brunabótasjóður er stofnaður í hreppnum, skal húsið, er það er tekið til váttryggingar fært í það lag, að það fullnægi ákvæðunum í 1.—3. gr. — Þó skal hreppsnefnd heimilt að veita tilslökun í þessu, ef það er mjög miklum erfiðleikum og kostnaði bundið að breyta fyrirkomulagi hússins svo það fullnægi þessum ákvæðum, sjerstaklega að því er snertir ákvæðin í 2. gr., enda sje þá gjörð einhver önnur fullnægjandi ráðstöfun, sem hamlar eldsvoða.

Þegar um váttryggingarskyld hús er að ræða, sem reist er eptir að brunabótasjóður er stofnaður, má aldrei veita neina tilslökun í því, að húsið fullnægi ákvæðum 1.—3. gr.

## 5 gr.

Hús, sem heimilt er, en ekki skylt, að váttryggja í brunabótasjóði hrepps, má án tillits til þess, hvort það er byggt fyrir eða eptir að brunabótasjóður var stofnaður, aldrei taka til váttryggingar í brunabótasjóði, nema það fullnægi að öllu leyti ákvæðunum í 1.—3. gr.

Sjerhver eigandi váttryggðs húss ber ábyrgð á því, að öllum eldstæðum, ofnum, reykháfum og reykþípum sje haldið í tryggilegu standi. Leiguliði ber og ábyrgð á þessu ásamt eigandanum, þegar hann eigi í tækan tíma hefur skýrt eigandanum frá einhverjum annmarka.

Leiguliða ber að hreinsa reykháfa og reykþípur að jafnaði svo eigi safnist sót fyrir í þeim.

Fara skal varlega með eld og ljós og annað, sem valdið getur eldsvoða, og skulu húsbændur og húsmæður hafa eptirlit með því, að börn þeirra, vinnuhjú eða annað heimilisfólk þeirra eða aðrir, sem í þeirra þjónustu eru, hegði sjer svo í þessi tilliti, að eigi verði að fundið. — Sjerstaklega skal þess gætt þegar eldur er falinn að vel sje gengið frá honum og ekki sje eldiviður nærri eða annað, er eldurinn geti læst sig í, svo og að súgur geti ekki komið að eldinum, svo sem frá undirblæstri. — Varast skal að hafa eldivið eða eldnæma hluti svo nærri ofnum eða eldstæðum, að hætta geti af stafað. — Bannað er að geyma í húsum ösku og annað, sem fellur frá eldstæðum, nema það sje í ílátum úr málm, steini eða leiri, eða snara því út, fyr en helt hefur verið yfir það vatni eða með öðru móti varnað, að í því geti kviknað.

Váttryggjandi og leiguliði eru skyldir, þá er eldur kemur upp í váttryggðum húsum eða húsum, þaðan sem eldurinn getur breiðst til váttryggðra húsa, að gjöra allt sem í þeirra valdi stendur til að slökkva eldinn og varna útbreiðslu hans, svo og tilkalla mannhjálp ef auðið er.

Váttryggðum timburhúsum og steinhúsum skal fylgja brunastigi, er ávallt sje til taks ef bruna ber að höndum; öðrum húsum, sem erfitt er að komast upp á án stiga, skal og stigi fylgja eptir ákvörðun hreppsnefndar.

Ef leyft er að váttryggja í brunabótasjóði hrepps húseign, sem metin er yfir 6000 kr., má gjöra að skilyrði, að sjerstakleg slökkviáhöld fylgi húsunum.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 5 til 100 kr. svo og rjettarmissi til brunabóta eptir því, sem nánar er tiltekið í reglugjörð um fyrirkomulag á brunabótasjóðum sveitarfjelaganna.

12. gr.

130

Með mál útaf brotum á reglugjörð þessari skal fara sem almenn lögreglumál. 20. oktr.

Eptir þessu eiga allir hlúðaðeigendur sjer að hegða.

Í stjórnarráði Íslands, 20 október 1906.

**H. Hafstein.**

*Jón Hermannsson.*

## Reglugjörð

131

20. oktr.

um

### brunabótasjóði sveitafjelaga.

Samkvæmt lögum nr. 26, 20. október 1905 um váttrygging sveitabæja og annara húsa í sveitum utan kaптúna, er hjermeð sett eptirfarandi reglugjörð um fyrirkomulag á brunabótasjóðum sveitarfjelaganna.

#### 1. kaflí.

##### *Um stofnun brunabótasjóðanna.*

#### 1. gr.

Heimilt er sveitarfjelögum að stofna með skylduábyrgð brunabótasjóði fyrir bæi og hús í hreppum utan kaптúna (sbr. 39. gr.).

#### 2. gr.

Húsráðendur þeir, sem atkvæðisrjett eiga í sveitamálum, geta á lögmætum fundi stofnað brunabótasjóð fyrir hreppinn. Meiri hluti allra atkvæðisbærra húsráðenda í hreppnum ræður úrslitum, en þó skal hver húsráðandi, sem jafnframt er eigandi að húseign, sem hann sjálfur notar, og er 500 króna virði eða meira, hafa 2 atkvæði. Fundur er lögmætur, þá er hreppsnefnd boðar hann öllum húsráðendum í hreppnum með skriflegu fundarboði og með 2 tveggja vikna fyrirvara að minnsta kosti, enda sje þar til tekið, að á fundinum verði tekið til umræðu og borið undir atkvæði, hvort stofna skuli brunabótasjóð fyrir hreppinn.

Nú er samþykkt að stofna brunabótasjóð, og skal þá hreppsnefndin tafarlaust tilkynna það stjórnarráði Íslands.